



Varanlegur regnbogi

Niðurstöður starfshóps





Viðfangsefni starfshóps

Að skoða valkosti varðandi varanlega framtíðarstaðsetningu regnbogans, þar með talið óbreytta staðsetningu hans á neðri hluta Skólavörðustígs.

Að leggja mat á ávinning þess að þess að Umhverfis- og skipulagssviði verði annars vegar falið að vinna móta tillögu að útfærslu og staðsetningu út frá forsendum og markmiðum hópsins og hins vegar að efna til samkeppni.

Að gera tillögur til skipulags- og samgönguráðs um næstu skref.



Starfshópurinn lagði af stað með tvær hugmyndir.

Önnur að efna til samkeppni um varanlegan regnboga í Reykjavík með staðsetningu á áberandi stað innan borgarinnar.

Hin að halda regnboganum í götu á Skólavörðustíg en finna annað slitsterkara og endingabetra efni en málningu.





Niðurstaðan!



- Niðurstaða hópsins er að núverandi staðsetning sé einstök. Regnboginn á Skólavörðustíg hefur skapað sér sess sem tákn um mannréttindabaráttu hinsegin fólks í Reykjavík og stuðning Reykjavíkurborgar við þá baráttu í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar.
- Regnboginn er eitt mest myndaða götuverk borgarinnar og óvíst er hvort hann næði jafnstærkum hughrifum væri hann staðsettur á öðrum stað innan borgarmarkanna.
- Staðsetningin er einnig einstök þar sem Skólavörðustígur liggur beint upp að Hallgrímskirkju og myndar litríkan og áhrifamikinn sjónás upp stíginn. Regnboginn, á núverandi stað, hefur ómetanlegt virði og aðdráttarafl fyrir heimafólk jafnt sem ferðamenn sem á svæðið koma.





Starfshópurinn leggur því til að að:

- Varanlegur regnbogi verði áfram á Skólavörðustíg. Hann verði lagður í götuna með slitsterku efni í sumar. Það efni sem hópurinn hefur skoðað endist í allt að átta ár. Það verði endurtekið ef ekki sé komið að endurgerð götunnar þegar komið er að því að endurnýja regnbogann.
- Forhönnun Skólavörðustígar verði aðlöguð að regnboganum og hann tekinn inn í verkhönnun götunnar sem varanlegur hluti götumyndarinnar.
- Starfshópurinn leggur áherslu á að ráðgast verði við hinsegin samfélagið þegar unnið verður að verkhönnun Skólavörðustígs svo tryggt verði að tákmynd réttindabaráttu þess, regnboginn, eigi áfram veglegan sess á þessum stað.



Reykjavík